

Skólaráðsfundur 15. janúar 2021

Mætt eru Aðalheiður Ólafsdóttir, Teitur Björgvinsson, Brynhildur Stefánsdóttir og Hildur Margrétardóttir.

1. Starfsáætlun
Starfsáætlun hefur verið endurbætt og uppfærð að tillögu Kópavogs. Lögð fram.
2. Þrif
Þrifalisti barst í janúar. Þarf að vera tilbúin í desember fyrir vorönn.
3. Fartölvur
Skólinn ætlar að leggja 100.000 kr í fartölvukaupin. Lítið af framboð af notuðum fartölvum þar sem breyttar áherslur séu vegna Covid. Starfsmenn fyrirtækja eru að vinna heima. Foreldrahópurinn hefur verið að kanna að kaupa gamlar tölvur hjá tölvufyrirtækjum en einnig hjá Kópavogsbæ. Foreldrafélagið heldur áfram að leita að tölvum.
4. Basar
Fá yfirlit yfir sölu/hagnað og ráðstöfun basarpeninganna.
5. Afmælisviðburður
Verður tekinn fyrir á skólaráðsfundi í apríl. Afmælisgjöf til skólans frá Kópavogsbæ. Heiða ætlar að tala við Magneu í sambandi við færanlega skólastofu.
6. Áætlun í húsakosti
Liggur á að áætlunin verði sýnileg. Verið var að sameina kennitölur leikskóla og skóla. Ásmegin var tekið út. Ný stjórn í Ásmegin sem eru eins og húseigendafélag sem byggir upp framtíðarsýn svæðisins. Foreldrar eru að bíða eftir áætlun og skýra sýn á hvað er að gerast í húsamálum skólans. Nýr húsvörður, Leo. Þarf að láta vita foreldra vita af því, þannig að hægt sé að koma skilaboðum til hans.
7. Láta foreldra vita af starfsmannabreytingum
Brestur hefur verið að láta vita af breytingum í starfsmannahaldi.
Lógó skólans
Foreldrar hefðu viljað að allt skólasamfélagið hefði fengið tækifæri á að taka þátt í hönnunarferlinu. Vinna þurfti lógóið á stuttum tíma og því gafst ekki tækifæri til að opna á t.d. hugmyndasamkeppni. Foreldrum líst vel á lógíð og biðja um að texti fylgi inni á heimasíðu sem lýsir hugmyndafræðinni á bak lógósins.
8. Nemendaráð
Fulltrúar nemendaráðs mæta á fund kl 9:10, Magnús, Arnar, Kári og Ísabella.
 - Hafa félagsmiðstöð, nesti á morgnanna og skráning í hádegismat, kynlífsfræði einu sinni í mánuði, nýja stundaskrá. Fengu ekki nægilega útskýringu á stundaskrá. Skemman breytt í íþróttahús.
 - Stundaskrá – nemendum þótti vanta útskýringar á nýrri stundarskrá
 - Fótbolti var bannaður og engin leiktæki komu í staðin fyrir bannið. Skemman sem íþróttahús, galli er að það er mikið drasl í Skemmuni. Vantar íþróttahús.
 - Félagsmiðstöð – Teitur starfaði við félagsmiðstöð og ræðir við nemendaráð hvernig þau sjá hana fyrir sig. Félagsmiðstöðin gæti verið í Skemmuni. Hildur nefnir að nemendaráð í Sólstöfum eru einnig að velta fyrir sér hvaða félagsmiðstöð þau ættu

að sækja. Spurning um að hefja samtál milli nemendaráða. Hafa ball tvisvar á ári. Flestir skólar eru búnir fyrr á öskudaginn.

- Nesti og skrá sig í mat – vilja sleppa morgunkaffinu og koma með nesti í staðinn. Hafa öðruvísi mat í hádeginu. Þyrfti að gera reglur varðandi það að taka nesti með sér. Bara brauð smjör og gúrka er ekki gott. Prófa nýja osta. Kolla kom með hugmynd að nemendur að þeir fái að kjósa um hvað á að borða einu sinni í mánuði. Nemendur skiptast á að fara einu sinni í mánuði að baka pizzur.
- Kynfræðsla
Einu sinni í mánuði – Hildur nefnir að Samtökin 78 eru með fræðslu fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Verið að vinna í að fá inn fræðslu.
- Labba á morgnanna
Sjáum ekkert í myrkrinu.
- Morgunsöngur í myrkrinu
Hálka og nemendur eru að detta.

Umræður eftir að nemendaráð yfirgaf fund - *Athuga með drekkutímann hvort hægt sé að auka val á áleggi. Foreldrafélagið er áhugasamt um að nemendur fá kynfræðslu utan frá.*

9. Heimasíða

Hildur kynnir nýja vefsíðu skólans sem stendur til að verði sett í loftið eftir helgi, 18. janúar.

Fundi slitið kl 9.50